


Athugun á seiðastofnum og uppeldisskilyrðum  
í Norðurlá í Skagafirði 1986.

Tumi Tómasson

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116  
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252  
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

VMST-N/87006

Hólum, apríl 1987

Athugun á seiðastofnum og uppeldisskilyrðum  
í Norðurá í Skagafirði 1986

INNGANGUR

Dagana 8.-9. júlí 1986 fór fram athugun á Norðurá á vegum Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar, að beiðni Veiðifélagsins. Ain var skoðuð, rafveitt var á sjö stöðum (Mynd 1, Tafla 1) og rætt var við bændur á Fremra Koti, Egilsá og Flatatungu.

Mikill áhugi er um að rækta lax í ánni, og undanfarin 5 ár hefur verið sleppt um 2000-5000 smáseiðum árlega í efri hluta Héraðsvatna, Jökulsá og Norðurá.

NIÐURSTÖÐUR

Lýsing á ánni

Norðurá er dragá, og á upptök sín á Hörgárdalsheiði (Norðurá) og Öxnardalsheiði (Heiðará). Þar sem Norðurá og Jökulsá mætast heitir Héraðsvötn (Mynd 1). Þar er áin í um 70 m.y.s. en 12 km framur, við Fremra Kot er hún í rúmlega 200 m.y.s. Ætla má að hún sé fiskgeng aðra 6 km. upp Norðurá og Heiðará, í um 300-350 m.y.s.

Botngerð árinna endurspeglar halla og straumhraða árinna, sem almennt eykst eftir því sem ofar dregur. Neðst í ánni er í henni fremur finnr malarbotn. Þar kvíslast áin á eyrum og skiptir oft um farvegi. Ofar verða botnefnin grófari, og hjá Egilsá er gróf mól og smágrýti orðin ríkjandi botngerð.

Ain er frekar snauð og köld, eins og aðrar ár sem eiga upptök sín á hálendu blágrýttissvæði Tröllaskagans. Mikið er um ruðninga í ánni, en töluverð áraskipti eru á hve miklir þeir eru og hve mikið áin breytir sér. Tíðni og umfang ruðninga eykst eftir því sem neðar dregur í ánni.

Niðurstöður rafveiða

Í rafveiðunum fengust bleikjuseiði á öllum stöðum sem veitt var á. Þar bar mest á 1+ seiðum (þ.e. seiði sem höfðu dvalið einn vetur í ánni og voru á öðru sumri, hrygning 1984, klak 1985), og 2+ seiðum (Mynd 2). Einungis veiddist eitt vorgamalt seiði (0+, hrygning 1985, klak 1986). Þetta seiði var mjög smátt en erfitt er að veiða seiði af þessari stærð.

Laxaseiði veiddust á fjórum stöðum. Flest seiðin virtust vera úr sleppingum 1984 (2+) og 1985 (1+) (Mynd 2).

## UMRÆÐUR OG ALYKTANIR

### Bleikja

Bleikjuseiðin sem veiddust voru öll mjög vel á sig komin. Þéttleiki var heldur lítill, en þó virtist vera gott jafnvægi á milli fjölda seiða og fæðuframboðs. Bleikjan vex fremur hægt í Norðurá samanborið við aðra staði á vatnasvæði Héraðsvatna, og aðrar ár Norðanlands almennt. Þetta ræðst sennilega að miklu leiti af stuttu vaxtartímabili, og tímabundnum fæðuskorti í kjölfar ruðninga.

Bleikjuseiðin halda sig að mestu í vari fyrir straumi og safnast þá gjarnan í lánur og kíla. Þannig voru einmitt staðir 3 og 5, þar sem veiðin var mest (Tafla 1, Mynd 2). Vorgömul seiði er helst að finna í námd við hrygningarstaði. Vitað er að bleikjan gengur oft eins langt fram árnar og hún kemst til að hrygna. Þar er botninn oftast nokkuð stöðugur. Líklegast hrygnir bleikjan fremur lítið í Norðurá, þar sem mest er hreifing á botninum, en uppeldisskilyrði þar eru nýtt af seiðum sem hafa komið niður ána. Þó verður að athuga, að vorgömul seiði voru smá og því torveidd á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Bleikjan í Norðurá virðist vera sjóbleikja að uppistöðunni til. Hún gengur í fyrsta skipti til sjávar að vori sem 3+ seiði. Eftir eitt sumar í sjó, þar sem hún heldur sig við ströndina og étur marfló, fer hún í ferskvatn til vetursetu. Hún hrygnir sjaldnast þá og heldur sig neðarlega í árkerfunum, sennilega mest neðst í Héraðsvötnunum, í Miklavatni og e.t.v. víðar. Algengt er að hún sé þá um 100-200 grömm. Hún gengur síðan aftur í sjó næstu vor. Eftir tveggja sumra sjávardvöl er líklegast einhver hluti stofnsins kynþroska, en ég tel sennilegt að flestar verði ekki kynþroska fyrr en eftir tveggja til fjögurra sumra sjávardvöl. Þá er bleikjan oftast 700-1000 g. Hún gengur þá fram í árnar seinni part sumars til hrygningar.

Ekkert bendir til bleikjustofninn í Norðurá sé á undanhaldi, né að hægt sé að auka hann með auknu uppeldi í ánni. Hinsvegar er ljóst að veiðiálag á bleikju í sjó og í neðri hluta Héraðsvatna er nú meira en það var fyrir nokkrum áratugum, og því er eðlilegt að göngur fram í ána hafi dregist saman og meðalþyngd einstaklinga minnkað frá því sem var, en það er álit bænda að svo sé.

Lítið er vitað um eldi á og hagkvæmni sleppinga gönguseiða bleikju, og er ekki hægt að líta á slíkar aðgerðir sem raunhæfa ræktunarleið í dag.

### Lax

Laxaseiðin sem veiddust virtust lang-flest vera af eldisuppruna. Vöxtur þeirra er fremur hægur miðað við það sem almennt gerist þegar sleppt er þar sem botngerð er góð og lax ekki fyrir. Ætla má að flest seiðin nái göngustærð á þremur til fjórum árum (Mynd 2).


Ain getur fóstorað laxaseiði sem sleppt er þar sem grýtt er.

Flest seiðanna veiddust einmitt á grýttu svæði á stað 4 (Fremra Kot). Miðað við reynslu af smáseiðasleppingum á öðrum stöðum, má reikna með að heimtur í veiði geti verið 1-2% þar sem ferskvatnsdvöl seiðanna er 2-3 ár. Líklega má helminga þá tölu fyrir sleppingu þar sem seiðin eru 3-4 ár í ánni. Miðað við að vel takist til tel ég óraunhæft að ætla að meira en 0,5-1,0% muni skila sér í veiði á Héraðsvötnum og Norðurá.



Eitt laxaseiði, 7,9 sm, á stað 4 reyndist vera 4+ og gæti verið af náttúrulegum uppruna. Eg tel þó ólíklegt að laxastofn geti viðhaldið sjálfum sér í Norðurá, enda næsta víst að þar myndi vera lax frá náttúrunnar hendi ef svo væri. Smáseiðasleppingar í fimm til sex ár samfelld, ættu að skera úr um það. Í því tilfelli væri æskilegt að nota seiði af Héraðsvatnastofni.

Tafla 1. Rafveiðistaðir í Norðurá 8.-9. júlí 1986.

- st.1. Fyrir neðan gömlu þjóðveggarbrúna fremst í dalnum. Veitt á um 80m kafla við nyrðri bakkann. Grýtt.
- st.2. Fyrir framan nýju þjóðveggarbrúna, á móts við leitarmannakofa. Veitt á um 50m kafla með báðum bökkum. Grýtt.
- st.3. Í læk fyrir neðan Valagilsá, 30x6m. Grýtt.
- st.4. Fyrir neðan Fremra-Kot. Veitt á grýttum botni 60x10m
- st.5. Fyrir neðan Borgargerði. Veitt í kvísl að sunnan og með nyrðri bakka. Smágrýtt, víða skjóllítið.
- st.6 Undan Kringlugilseyri, miðja vegu milli Borgargerðis og Egilsár. Veitt 80x8 m. Smágrýtt.
- st.7. Fyrir ofan brúna að Kjálka. Veitt í Suðurkvísl við varnargarð 50x5 m. Fremur skjóllítið.



Mynd 1. Yfirlitskort af Norðurlá og staðsetning rafveiðisvæða í júlí 1986.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikju- og laxaseiða í Norðurlá í júlí 1986, eftir stöðum.